

1974

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1982.

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Bjarna Helgasonar, um, að eignir þær, er hann átti fyrir stofnun hjúskapar við varnaraðilja, Ragnheiði Stefánsdóttur, verði taldar séreignir hans.

Skiptum á félagsbúi málsaðilja verður hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor málsaðilja heldur þeim hjúskapareignum, er hann hefur fært í félagsbúið.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 270/1981. **Ríkisútvarpið**

(Eiríkur Tómasson hdl.)

gegn

Svölu Hannesdóttur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Höfundalög. Leikstjórn á kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. desember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að kröfur stefndu, sem teknar voru til greina í héraði, verði verulega lækkaðar. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstrétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðherra hinn 15. febrúar 1983 var stefndu veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi er málsefnið einskorðað við kröfu stefndu um greiðslu vegna leikstjórnar á myndinni Ágirnd, er sýnd var í sjónvarpinu 20. febrúar 1979, enda er málinu ekki gagnáfrýjað.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda leikstjóri við gerð umræddrar kvikmyndar. Var hún skráð leikstjóri í sýninga-skrá, sem útbúin var, er Óskar Gíslason sýndi kvikmyndina og einnig í dagskrá sjónvarpsins 20. febrúar 1979. Nýtur þetta framlag stefndu við gerð kvikmyndarinnar verndar skv. 2. mgr 41. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 63. gr. laganna. Er ósannað, að stefnda hafi framselt þennan rétt sinn.

Stefnda ritaði áfrýjanda bréf 18. febrúar 1979 og óskaði eftir, að gengið yrði til samninga við sig, áður en kvikmyndin yrði sýnd í sjónvarpi. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir afstöðu fyrir-svarsmanns áfrýjanda til þessa erindis.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, var áfrýjanda óheimilt að sýna kvikmyndina án þess að afla sér samþykkis stefndu. Á hún því rétt á greiðslu úr hendi áfrýjanda fyrir þennan hluta kröf-unnar, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjár-hæð hennar. Ber áfrýjanda samkvæmt því að greiða stefndu 3.720.80 krónur ásamt vöxtum, eins og í dómsorði segir, en upp-hafstímamarki vaxta hefur ekki verið andmælt.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttar-lögmans, 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði stefndu, Svölu Hannesdótt-ur, 3.720.80 krónur með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1 júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% árs-vöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim

1976

degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði 15.000.00 krónur í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1981.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að afloknum munnlegum málflutningi hinn 19. júní sl., hefur Svala Hannesdóttir, Skúlagötu 80, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. febrúar 1981, gegn Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 643.513 með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar til 1. júní 1979, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Með yfirlýsingu aðilja máls þessa, dagsettri 5. febrúar 1971, lýstu þeir því yfir, að útilokað væri að setta mál þetta hjá sáttamönnum. Dómarinn reyndi sættir, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 1981, var stefnanda, Svölu Hannesdóttur, veitt gjafsókn fyrir undirrétti.

II.

Atvik máls þessa eru þau, að árin 1949—1950 var stefnandi við nám í Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran í Reykjavík. Stefnanda og Guðrúnu nokkurri Ásmundsdóttur var falið að semja látbragðsleik, er sýna skyldi í skólunum. Sömdu þær Guðrún og stefnandi síðan látbragðsleik, er hlaut nafnið „Hálsfestin.“ Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmaður var viðstaddur sýningu látbragðsleiksins, og falaðist Óskar eftir því við stefnanda að fá að

gera kvikmynd eftir látbragðsleiknum. Mun því hafa verið vel tekið. Varð úr, að Óskar fékk leyfi þeirra til þess að gera kvikmynd, er byggð væri á söguþræði látbragðsleiksins. Kvikmynd sú, er Óskar gerði og byggð var á látbragðsleiknum, hlaut nafnið „Ágirnd“. Þegar að töku myndarinnar kom, voru öll þau atriði, sem Guðrún Ásmundsdóttir hafði samið, felld niður, en einvörðungu þau atriði, sem stefnandi var höfundur að, notuð sem fyrirmynd í téðri kvikmynd. Óskar Gíslason fékk síðan Þorleif nokkurn Þorleifsson til þess að semja tökuhandrit vegna kvikmyndunarinnar. Stefnandi mun hafa gefið Þorleifi ábendingar við samningu tökuhandritsins. Kvikmyndin „Ágirnd“ var síðan frumsýnd í Reykjavík hinn 5. desember 1952, en fékk lélega dóma og dræma aðsókn, og féllu þá sýningar á henni niður. Liðu svo nokkur ár, en þá tók Óskar Gíslason að ferðast með kvikmyndina víða um land til sýninga. Féllu sýningar enn niður, eða allt til ársins 1979, að Ríkisútvarpið-sjónvarp sýndi myndina hinn 20. febrúar það ár, en af þeirri sýningu eru málaferli þessi sprottin. Undanfari þeirrar sýningar var sá, að Óskar seldi sjónvarpinu sýningarrétt að kvikmyndinni.

Þá er Óskar Gíslason fékk samþykki stefnanda til þess að taka látbragðsleikinn „Hálsfestina“ og gera eftir honum kvikmynd, munu þau stefnandi og Óskar enga skriflega samninga hafa gert með sér, hvorki varðandi höfundarétt að verkinu né heldur um höfundaréttargreiðslur til handa stefnanda vegna framlags hennar til gerðar kvikmyndarinnar. Þá voru heldur eigi gerðir skriflegir samningar um laun til handa stefnanda fyrir leik hennar í myndinni og leikstjórn þá, er hún hafði á hendi, en stefnandi mun hafa verið eini leikstjórinn við gerð myndarinnar. Fljótlega eftir gerð myndarinnar kom upp ágreiningur með stefnanda og Óskari Gíslasyni um framangreind atriði. Óskar neitaði þá strax alfarið öllum greiðslum til handa stefnanda vegna framlags hennar til myndarinnar, þar sem hann taldi, að slíkar greiðslur hefðu verið því skilyrði háðar, að fjárhagslegur ávinningur yrði af gerð myndarinnar, en því færi víðs fjarri, að nokkur ávinningur hefði orðið. Þvert á móti kvaðst Óskar hafa orðið fyrir stórfelldum fjárhagslegum skakkaföllum af þessum sökum. Stefnandi vildi ekki una þessum viðbrögðum Óskars, þar sem hún taldi greiðslur til sín eigi hafa verið bundnar neinu slíku skilyrði. Höfðaði hún því mál á hendur Óskari árið 1954. Í stefnu þess máls sagði, „að stefnandi samdi kvikmyndahandrit myndarinnar „Ágirnd“, annaðist leikstjórn myndarinnar og lék eitt aðalhlutverkið. Fyrir allt þetta átti stefnandi að fá í laun kr. 3.000.“ Dómur í þessu máli var kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. nóvember 1956. Í forsendum dómsins var á því byggt, að stefnda (Óskari Gíslasyni) hefði ekki tekist að sýna fram á eða gert sennilegt, að laun til stefnanda fyrir störf hennar að gerð kvikmyndarinnar væru háð því skilyrði, að ágóði yrði af gerð hennar. Hins vegar þótti stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að

laun til hennar skyldu nema þeirri fjárhæð, er hún krafði Óskar um í því máli. Síðan sagði í dómi þessum: „Verður því að áætla stefnanda hæfilega þóknun miðað við hlut hennar í gerð myndarinnar. Kemur þá til athugunar, hver hann var.“ Þá sagði svo í dómi bæjarþingsins um þetta atriði:

„Sem fyrr getur hafði stefnandi á hendi auk leikstjórnar eitt hinna stærri hlutverka í myndinni. Er ágreiningslaust, að hún hafi starfað samtals 37 klukkustundir við sjálfa kvikmyndatökuna dagana 21., 23. og 24. ágúst svo og að nokkru við hljóðritun myndarinnar, sem stóð yfir samtals 10 klukkustundir dagana 7. og 29. nóvember og 3. desember. Þá kveður stefnandi, að leikæfingar hafi staðið yfir í 1½ mánuð, áður en kvikmyndatakan hófst. Æfingar hafi þó ekki verið á hverjum degi og á rúmhelgum dögum einungis frá kl. 8 til kl. 11 eða 12, en síðari hluta dags á laugardögum og sunnudögum. Stefania R. Pálsdóttir, sem fyrr var nefnd, kveðst hafa verið atvinnulaus í einn mánuð vegna starfs síns við kvikmyndina. Vinnutími leikaranna hafi ekki verið reglulegur, en þó hafi verið unnið flesta daga þennan tíma. Stefndi kveðst ekki geta sagt um, hve langur tími fór í leikæfingar. Þess var áður getið, að stefnandi hafi verið með í ráðum við samningu kvikmyndahandritsins. Kveðst hún ekki í fljótu bragði geta sagt um, hversu hlutur hennar í því sé mikill. Þorleifur Þorleifsson kveður afskipti stefnanda að samningu kvikmyndahandrits hafa verið þau, að í fyrstu hafi hann samið yfirlit um það, hvernig kvikmyndin yrði í meginráttum eftir fyrrnefndum látbragðsleik. Yfirlit þetta hafi hann sýnt stefnanda, sem gert hafi einhverjar athugasemdir við það. Síðar hafi hún fengið kvikmyndahandritið til athugunar. Stefndi kveður sér kunnugt um, að Þorleifur Þorleifsson hafi nokkrum sinnum leitað upplýsinga hjá stefnanda varðandi kvikmyndahandritið, meðan hann vann að samningu þess.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan greinir, þykir krafa stefnanda fyrir hluttöku hennar í kvikmyndinni í hóf stillt. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.000.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.“

Dómi þessum var eigi áfrýjað. Í máli þessu, sem nú er rekið fyrir bæjarþinginu, krefur stefnandi stefnda um greiðslur fyrir leik, leikstjórn og höfundarétt vegna hlutdeildar í samningu kvikmyndahandrits. Ágreiningur aðilja þessa máls varðar að nokkru leyti það, um hvað þau sömdu á sínum tíma Óskar Gíslason og stefnandi og hvort stefnandi í þeim samningum afsalaði sér höfundarétti að umræddri kvikmynd.

Stefnandi, Svala Hannesdóttir, kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hún skýrði svo frá, að þá er Óskar hefði fengið leyfi hennar til þess að gera kvikmynd, er byggð væri á „Hálsfestinni“, hefðu þau, Óskar og hún, ekkert samið um höfundagreiðslur henni til handa. Þá hefðu engir slíkir samningar verið gerðir síðar, og hún kvaðst aldrei hafa gert neinn áskilnað um sérstakar greiðslur til sín fyrir höfundarétt, enda hefði Óskar ekki verið

fáanlegur til samninga um neinar slíkar greiðslur. Einu greiðslunnar, sem hún hefði fengið fyrir framlag sitt til gerðar kvikmyndarinnar „Ágirnd,“ væri sú fjárhæð, sem sér hefði verið til dæmd með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956. Hún kvaðst vita til þess, að Óskar Gíslason hefði sýnt kvikmyndina vítt og breitt um landið næstu 10 - 15 árin eftir gerð hennar, en hún kveðst þó aldrei hafa krafið Óskar um neinar greiðslur sér til handa vegna þessara sýninga. Hún kvaðst hafa látið Óskari látbragðsleikinn í té til kvikmyndunar þrátt fyrir það, að hann hefði verið ófáanlegur til þess að greiða sér fyrir höfundarétt, enda hafði hún á þessum árum meira hugsað um að leita eftir tækifærum. Hún kvaðst á þessum árum ekki hafa haft nægilega reynslu til þess að semja um réttindi sín „og gerði sér ekki grillur út af slíku.“ Hún lýsti hlutdeild sinni í gerð kvikmyndarhandritsins svo, að hún hefði gefið ábendingar og aðlagð látbragðsleikinn að kvikmyndun, en annar aðili, Þorleifur Þorleifsson, hefði samið sjálft tökuhandritið. Þá kvaðst hún aldrei hafa afsalað sér höfundarétti sínum að kvikmyndinni í hendur Óskari.

Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmaður kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hann kvaðst hafa séð látbragðsleikinn „Hálsfestina“ á skólasýningu hjá nemendum í Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran árið 1950 og þá hafa fengið mikinn áhuga á því að gera kvikmynd, er byggð væri á því verki. Hann kvaðst hafa fengið Þorleif nokkurn Þorleifsson til þess að semja kvikmyndahandrit, en Þorleifur þessi hefði samið öll tökuhandrit þeirra mynda, er hann, þ. e. Óskar, hefði framleitt. Svala Hannesdóttir hefði engan þátt átt í samningu tökuhandritsins, þó svo að vera kynni, að þau hefðu eitthvað ráðgast saman, Svala og Þorleifur. Hann kvaðst ekki muna til þess, hvort Svala hefði framselt sér höfundarétt sinn, en öruggt væri, að ekkert hefði verið rætt um höfundaréttargreiðslur til hennar, enda hefði slíkt aldrei komið til mála af sinni hálfu. Þá benti hann á, að höfundaréttur að látbragðsleiknum hefði í upphafi verið nokkuð á reiki, þar sem fleiri hefðu tekið þátt í samningu hans heldur en Svala, og því kvaðst Óskar hafa verið í vafa um það í upphafi, hvern hann ætti að kynna sem höfund verksins. Hann kvað myndina hafa fengið mjög slæma dóma, er hún var frumsýnd, og hefðu sýningar á henni verið stöðvaðar strax á öðrum degi. Síðar kvaðst Óskar hafa sýnt myndina út um land öðru hverju, en kvaðst ekki muna, hversu oft. Svala hafi hvorki þá né síðar krafið sig um greiðslur fyrir höfundarétt vegna þeirra sýninga. Hann kvaðst hafa framleitt margar myndir og þá jafnan staðið þannig að samningum við þá, er hlut hefðu átt að máli, að greiða höfundum þeirra sagna, er notaðar voru sem fyrirmynd, ákveðið verð í eitt skipti fyrir öll og það sama hefði gilt um leikara og leikstjóra.

Jón Þórarinsson tónskáld, sem var forstöðumaður lista- og skemmti-

deildar sjónvarpsins á þeim tíma, er Óskar Gíslason samdi við sjónvarpið um sýningu á myndinni „Ágirnd“, kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hann kvað það ekki hafa verið kannað sérstaklega, er samið var við Óskar Gíslason um sýningu myndarinnar, hvort einhverjir aðrir gætu hugsanlega átt tilkall til höfundaréttar í myndinni. Hins vegar kvað hann svo hafa verið samið við Óskar, eins og reyndar alltaf væri gert, þegar samið væri við eigendur gamalla íslenskra mynda, að sjónvarpið væri firrt allri ábyrgð á kröfum, sem kynnu að berast frá öðrum hugsanlegum rétthöfum. Hann skýrði svo frá, að Óskar Gíslason hefði, er um sýningu myndarinnar var samið, talið sig einan eiga allan höfundarétt að myndinni. Jón kvaðst kannast við það að hafa fengið bréf í hendur frá Svölu Hannesdóttur varðandi myndina „Ágirnd“, áður en myndin var sýnd í sjónvarpinu, þar sem Svala gerði kröfu um greiðslu höfundalauna o. fl. Þetta bréf hefði borist sér svo skömmu fyrir sýningu myndarinnar, að það hefði engu getað breytt um sýningaráform sjónvarpsins, enda hefði sjónvarpið talið sig hafa gert fullgildan samning við Óskar Gíslason, eiganda og framleiðanda myndarinnar.

Er myndin „Ágirnd“ var frumsýnd í Tjarnarbíói árið 1952, var hún þannig kynnt í leiðarvísi kvikmyndahússins: „Tjarnarbíó. Óskar Gíslason sýnir: ÁGIRND. Dramatísk íslensk kvikmynd, byggð á látbragðsleiknum Hálsfestin eftir Svölu Hannesdóttur, sem einnig er leikstjóri. Tökuhandrit eftir Þorleif Þorleifsson. Tónlist samin og leikin af Reyni Geirs. Andlitsgerfi: Haraldur Adolfsson. Óskar Gíslason kvikmyndaði.“ Er kvikmyndin var sýnd í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979, var hún þannig kynnt í dag-skrá þess:

„20:30 Ágirnd. Dramatísk, íslensk kvikmynd, byggð á látbragðsleiknum Hálsfestinni eftir Svölu Hannesdóttur, sem einnig er leikstjóri. Tökuhandrit Þorleifur Þorleifsson“ Þorleifur Þorleifsson ljósmyndari, sá sem kynntur er sem höfundur kvikmyndahandritsins, kom fyrir dóm í máli því, er stefnandi höfðaði á hendur Óskari Gíslasyni árið 1954. Í dómi bæjarþingsins í því máli, þ. e. málinu nr. 1084/1954, segir svo: „Þess var áður getið, að stefnandi hafi verið með í ráðum við samningu kvikmyndahandritsins. Kveðst hún ekki í fljótu bragði geta sagt um, hversu hlutur hennar í því sé mikill.“ Síðan segir í dóminum um framburð Þorleifs Þorleifssonar: „Þorleifur Þorleifsson kveður afskipti stefnanda af samningu kvikmyndahandritsins hafa verið þau, að í fyrstu hafi hann samið yfirlit um það, hvernig kvikmyndin yrði í meginráttum eftir fyrrnefndum látbragðsleik. Yfirlit þetta hafi hann sýnt stefnanda, sem gert hafi einhverjar athugasemdir við það. Síðar hafi hún fengið kvikmyndahandritið til athugunar. Stefndi kveður sér kunnugt um, að Þorleifur Þorleifsson hafi nokkrum sinnum leitað upplýsinga hjá stefnanda varðandi kvikmyndahandritið, meðan hann vann að samningu þess.“

Þess er áður getið, að með samningi við Ríkisútvarpið/ sjónvarp seldi Óskar Gíslason sjónvarpinu rétt til einnar sýningar á kvikmyndinni „Ágirnd“. Forsaga þess máls er sú, að á árinu 1977 voru teknar upp viðræður milli stefnda og Óskars Gíslasonar um sýningu á tveimur kvikmyndum í eigu Óskars. Önnur þessara mynda var „Reykjavíkúrævintýri Bakka-bræðra“. Var hún sýnd í sjónvarpinu haustið 1977. Var gerður skriflegur samningur um sýningu þeirrar myndar, og hefur sá samningur verið lagður fram í þessu máli á dóm skjali nr. 7. Um kvikmyndina „Ágirnd“, sem mál þetta snýst um, var ekki gerður skriflegur samningur. Við hana þurfti nýja tónsetningu, og var hún af þeim sökum fyrst sýnd í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979. Í sameiginlegri yfirlýsingu Óskars Gíslasonar og Jóns Þórarinssonar, dags. 13. júní 1979, er við Óskar samdi á sínum tíma f. h. sjónvarpsins, var munnlegi samningurinn um sýningu „Ágirndar“ algerlega sama efnis og samningurinn um sýningu „Reykjavíkúrævintýris Bakka-bræðra“. Sá samningur var svohljóðandi:

„Ríkisútvarpið-Sjónvarp og Óskar Gíslason (6923-6421), Þingholtsstræti 30, R., (hér eftir nefndur seljandi) gera með sér þennan samning:

Seljandi selur Ríkisútvarpinu-Sjónvarpi rétt til einnar sýninga í íslenska sjónvarpinu á kvikmyndinni „Reykjavíkúrævintýri Bakkabræðra“.

Jafnframt afhendir seljandi Sjónvarpinu til notkunar í þessu skyni eitt eintak af myndinni. Skal afhenda það nú þegar og Sjónvarpið mega hafa það í vörslum sínum, unz sýning hefur farið fram.

Kvikmyndin verður sýnd í íslenska sjónvarpinu í sjö köflum, og skal sýningu lokið fyrir 1. júlí 1977.

Seljandi selur með samningi þessum allan rétt yfir kvikmyndinni. Ríkisútvarpið-Sjónvarp tekur fram, að vegna samninga við STEF — Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar — eiga ekki að koma sérstakar greiðslur frá því til tónskálda vegna sýningar myndarinnar.

Ef fram kemur, að Sjónvarpinu er að lögum skylt að greiða öðrum en seljanda þóknun vegna sýningar kvikmyndarinnar, skal seljandi greiða þá þóknun.

Ef Sjónvarpið óskar að endursýna myndina innan þriggja ára frá þeirri sýningu, sem samið er um að framan, er því það heimilt gegn greiðslu, er svari til 50% af upphaflegri greiðslu.

Fyrir ofanskrá réttindi greiðir Ríkisútvarpið-Sjónvarp seljanda kr. 250.000.- við undirritun samnings þessa.

Reykjavík, 9. nóvember 1977

Óskar Gíslason

f.h.

Ríkisútvarpsins-Sjónvarps

Jón Þórarinsson“

Í stefnu sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

a) Fyrir leikstjórn	kr. 372.080
b) Fyrir höfundarétt að hinu aðlagða verki og hlutdeild í kvikmyndahandriti	— 171.433
c) Fyrir leik	— 100.000
	Kr. 643.513

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda í málinu á því, að hinn 20. febrúar 1979 hafi stefndi sýnt kvikmyndina „Ágirnd“ í sjónvarpinu. Stefnandi kveðst hafa verið aðalleikstjóri við gerð myndarinnar og meðhöfundur tökuhandrits auk þess sem hún hafi farið með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni. Fyrir framlag sitt til leikstjórnar og þáttöku í samningu tökuhandritsins beri sér höfundaréttarþóknun úr hendi stefnda, flytjanda myndarinnar, auk þess sem stefnda beri að greiða sér þóknun fyrir leik hennar í myndinni.

Stefnandi kveður það óumdeilt í málinu, að hún hafi verið höfundur frumverksins, látbragðsleiksins „Hálsfestin“, enda sé ekki um það deilt. Er Óskar Gíslason hafi falast eftir því við sig að fá að gera kvikmynd eftir látbragðsleiknum, hafi hún „ritað texta látbragðsleiksins“, en hún og Þorleifur Þorleifsson síðan samið tökuhandritið að kvikmyndinni. Framlag hennar til samningar tökuhandritsins njóti verndar samkv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 73/1972. Þá telur stefnandi, að hún hafi óumdeilanlega verið eini leikstjórinn við gerð myndarinnar. Það framlag hennar njóti sömuleiðis verndar samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 41. gr. höfundalaganna. Stefnandi telur þá venju hafa myndast í samskiptum framleiðenda kvikmynda og þeirra, er framlag veita til kvikmyndagerðar, að hinir síðarnefndu framselji framleiðandanum rétt sinn yfir framlaginu, annað hvort gegn eingreiðslu eða með því að hljóta hlutdeild í framtíðarágóða, er verði af myndinni. Stefnandi hafi hins vegar engan slíkan rétt framselt til Óskars Gíslasonar, hvorki vegna leiks, leikstjórnar né samningar tökuhandrits, enda hafi það verið staðfest af Óskari Gíslasyni fyrir dómi í málinu, að hann hafi ekki óskað eftir neins konar framsali til sín á réttindum stefnanda. Því hafi flutningur myndarinnar í sjónvarpinu 20. febrúar 1979 án síns samþykkis verið gersamlega óheimill. Stefnandi mótmælir sérstaklega þeirri skoðun stefnda, að dómur bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956 í málinu: Svala Hannesdóttir gegn Óskari Gíslasyni feli í sér neins konar framsal réttinda stefnanda til Óskars Gíslasonar. Sá dómur ákvarði stefnanda einvörðungu laun fyrir hluttöku hennar í gerð myndarinnar. Annar og rýmri skilningur verði ekki í þann dóm lagður. Stefnandi telur, þegar

það er virt, hvernig stefndi stóð að því að kynna „Ágirnd“, áður en myndin var sýnd, að stefnda hafi mátt vera það ljóst, að stefnandi hlaut að eiga tilkall til höfundaréttar í myndinni, bæði sem höfundur og sem leikstjóri. Því hafi stefnda borið að kanna það sérstaklega, ekki bara hjá Óskari Gíslasyni, heldur líka hjá stefnanda, hvort stefnandi hefði afsalað sér höfundarétti sínum. Það sé að visu svo, að samkv. 1. mgr. 41. gr. höfundalaga megi sá, er kaupi sýningarrétt af framleiðanda kvikmyndar, almennt treysta því, að framleiðandinn hafi áður tryggt sér allan rétt yfir myndinni og eigi því einn óskoraðan rétt til þess að selja sýningarréttinn, án þess að aðrir geti þar gert nokkurt tilkall til. 2. mgr. 41. gr. höfundalaganna lögmæli hins vegar mikilsverða undantekningu frá þessari meginreglu. Því beri þeim, er sýningarrétt kaupi, að kanna það alveg sérstaklega, hvort þeir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 41. gr., þar með taldir leikstjóri og höfundur kvikmyndahandrits, hafi framselt framleiðanda rétt sinn. Í þessum efnum nægi ekki að láta við það eitt sitja að kanna þetta atriði hjá framleiðandanum, nema því aðeins að framleiðandinn geti með órækum hætti sannað slíkt framsal réttinda til sín, en því hafi öldungis ekki verið til að dreifa að því er Óskar Gíslason varði. Sjáist þetta einna gleggst af því, að sjónvarpið hafi talið nauðsyn bera til þess að setja sérstakan varnagla einmitt um þetta atriði, sem sé samningsákvæðið um það, að ef fram kæmi, að sjónvarpinu væri að lögum skylt að greiða öðrum en seljanda (þ. e. Óskari Gíslasyni) þóknun vegna sýningar kvikmyndarinnar, þá skyldi seljandi greiða þá þóknun. Þetta samningsákvæði sýni betur en allt annað, að stefnda hafi mátt vera fullljóst, að vafi léki á um heimildir Óskars Gíslasonar, og því hafi stefnda borið alveg sérstök skylda til þess að ganga ótvírætt úr skugga um þetta atriði. Stefnandi telur, að aðild málsins sé ótvíræð. Stefndi hafi keypt sýningarrétt að myndinni og sýnt hana og beri því greiðsluábyrgð gagnvart stefnanda sem flytjandi. Að því er fjárhæð kröfu sinnar varði þá sé hún ekki ósanngjörn. Árið 1978 hefði leikstjóri fengið kr. 520.000 (gkr.) fyrir að frumvinna verkið til kvikmyndunar. Sýningartími myndarinnar hafi verið 40 mínútur og sé vegna leikstjórnarþáttarins krafist gkr. 9.302. fyrir hverja mínútu. Aðrir liðir í kröfugerðinni séu áætlaðir og séu þar hafðar til hliðstjórnar greiðslur stefnda fyrir sambærilega þátttöku listamanna. Engin sérstök ástæða sé til þess að rökstyðja þessar fjárhæðir, enda séu þær í lágmarki. Þegar birt sé í heimildarleysi verk, sem höfunaréttar njóti, sé höfundur ekki bundinn af gjaldskrá og töxtum, heldur sé honum heimilað að gera reikning, sem sé ekki bersýnilega ósanngjarn. Loks telur stefnandi, að áðurgreint ákvæði í samningi Óskars Gíslasonar og stefnda um skyldu Óskars til þess að taka að sér greiðslu þóknunar, ef fram kæmi, að sjónvarpinu væri að lögum skylt að greiða öðrum en Óskari þóknun vegna sýningar myndarinnar, sé sér með öllu óviðkom-

andi. Haggi ákvæði þetta í engu rétti sínum til þess að krefja stefnda um þóknun vegna heimildarlausrar sýningar hans á umræddri mynd.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi beini málssókn þessari ranglega að sér. Sú venja hafi myndast, þegar um kvikmyndaverk sé að ræða, að framleiðandi kvikmyndar hafi tryggt sér með samningi við þá, sem hlut eigi að máli, rétt til þess að semja um sýningu á myndum, hvort heldur sem það sé í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi. Sjónvarpið hafi enga ástæðu haft til þess að draga í efa rétt Óskars Gíslasonar sem framleiðanda til þess að heimila sýningu á umræddri kvikmynd í sjónvarpinu. Ef stefnandi sé þeirrar skoðunar, að hún hafi ekki afsalað sér höfundarétti sínum að myndinni, beri henni að snúa sér að Óskari, en ekki stefnda, enda hafi stefndi og Óskar samið svo um, að ef stefnda bæri að lögum að greiða fleirum heldur en Óskari þóknun vegna sýningar myndarinnar, bæri Óskari að greiða þá þóknun. Sjónvarpið hafi því í góðri trú samið við Óskar. Af þessu megi ljóst vera, að stefnandi beini kröfum sínum ranglega að stefnda. Beri því þegar af þeirri ástæðu með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Ef ekki verði fallist á kröfu sína um sýknu vegna aðildarskorts, þá krefst stefndi sýknu á þeirri forsendu, að stefnandi hafi framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn að umræddu verki og eigi engar kröfur til greiðslna af þeim sökum. Samkvæmt 27. gr. höfundalaga sé þeim, er höfundarétt eigi, heimilt að framselja þann rétt sinn að nokkru leyti eða öllu. Gildi þetta jafnt um þá, sem taldir séu upp í 2. mgr. 41. gr. höfundalaga, sem um þá, sem tilgreindir séu í 1. mgr. 41. gr. Stefndi mótmælir því eindregið, að stefnandi hafi átt nokkurn þátt í samningu kvikmyndahandritsins. Eini höfundur þess hafi óumdeilanlega verið Þorleifur Þorleifsson. Svala hafi gefið Þorleifi ráð og lesið handrit hans yfir. Fráleitt sé að meta það framlag sem hluttöku í samningu handritsins. Með þessu framlagi sínu hafi hún alls ekki öðlast neinn höfundarétt í kvikmyndahandriti „Ágirndar.“ Því eigi hún ekki rétt til greiðslna fyrir höfundarétt að kvikmyndahandritinu. Að því er varði greiðslur fyrir framlag stefnanda til gerðar kvikmyndarinnar sem leikstjóra þá hafi stefnandi framselt Óskari Gíslasyni þann höfundarétt sinn. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1956 hafi stefnandi fengið greiðslur fyrir hlut hennar í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leikstjórn. Túlka beri málsúrslit þau á þann veg, að með því að veita hinni tildæmdu fjárhæð, kr. 3.000.00, viðtöku hafi hún framselt Óskari í eitt skipti fyrir öll allan rétt sinn að myndinni. Varðandi leik stefnanda í myndinni þá telur stefndi, að með áðurgreindum bæjarþingsdómi frá 6. nóvember 1956 hafi stefnandi sömuleiðis fengið fullnaðargreiðslu fyrir það vinnuframlag sitt og eigi hún því engar kröfur á hendur stefnda af þeim sökum.

Varakröfu sína um lækkun krafna stefnanda, ef sýknukröfum verði hrundið, styður stefndi þeim rökum, að kröfurnar séu allt of háar. Nægi í þeim efnum að benda á þær greiðslur, sem Óskar Gíslason hafi fengið frá stefnda fyrir að selja allan sýningarrétt að myndinni, gkr. 250.000.

IV.

Álit dómsins.

Hinn 20. febrúar 1979 sýndi Ríkisútvarpið — sjónvarp, stefndi í máli þessu, kvikmyndina „Ágirnd“, en sýningarréttinn hafði stefndi keypt af Óskari Gíslasyni, framleiðanda myndarinnar. Stefndandi krefur stefnda sem flytjanda myndarinnar í umrætt sin um þóknun fyrir höfundarétt að myndinni og leik í henni. Stefndandi beinir kröfum sínum því réttilega að stefnda sem flytjanda myndarinnar, og verður krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Það er ágreiningslaust með málsaðiljum, að stefndandi sem höfundur að látbragðsleiknum „Hálsfestin“ heimilaði Óskari Gíslasyni að framleiða kvikmynd, er byggð væri á því frumverki. Ágreiningur aðilja varðar það hins vegar, hvern skoða beri sem höfund að kvikmyndahandriti hins aðlagða verks, þ. e. myndinni „Ágirnd“, en stefndandi telur sig meðhöfund handritsins ásamt Þorleifi Þorleifssyni. Þorleifur Þorleifsson bar það fyrir dómi í bæjarþingsmálinu nr. 1084/1954, eins og áður er rakið, að hann hefði samið tökuhandrit myndarinnar, en stefndandi lesið það yfir og gert einhverjar athugasemdir. Sjálf lýsti stefndandi hlutdeild sinni í gerð handritsins með svofelldum orðum, er hún kom fyrir dóm í máli þessu hinn 22. maí 1981: „Mín þátttaka fólst í því að gefa ábendingar og aðlaga látbragðs leikinn að kvikmyndun, en annar aðili, Þorleifur Þorleifsson, samdi sjálft tökuhandritið.“ Er „Ágirnd“ var frumsýnd árið 1952, var Þorleifur Þorleifsson einn kynntur sem höfundur kvikmyndahandritsins. Ekki verður af skjölum málsins séð, að sú kynning hafi sætt neinum andmælum af hálfu stefnanda, enda ekki á því byggt af hennar hálfu. Þegar virt er framlag stefnanda til samningar handritsins, eins og hún sjálf og Þorleifur Þorleifsson lýsa því, og þegar höfð er í huga athugasemdalaus kynning framleiðanda myndarinnar á því verki, verður eigi séð, að framlag stefnanda til gerðar kvikmyndahandritsins hafi verið með þeim hætti, að telja beri stefnda meðhöfund þess. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um þóknun til hennar vegna höfundaréttar, enda er eigi á því byggt af hálfu stefnanda, að hún hafi með öðrum hætti öðlast tilkall til höfundaréttarþóknunar vegna sýninga myndarinnar.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956 í málinu nr. 1084/1954 fékk stefndandinn, Svala Hannesdóttir, sem jafnframt er stefndandi máls þessa, sér tildæmdar, eins og áður er rakið, kr. 3.000.00 fyrir

hlutdeild í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leik. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á undir rekstri þessa máls, að hún hafi svo um samið við Óskar Gíslason, að hún skyldi frekari greiðslur hljóta fyrir þetta framlag sitt. Stefndi sem viðsemjandi framleiðanda myndarinnar mátti því að þessu leyti treysta heimild Óskars Gíslasonar til þess að semja um sýningu myndarinnar. Stefnandi á því ekki sjálfstæðan rétt til þess að krefja stefnda um greiðslur fyrir leik hennar í myndinni vegna sýningarinnar í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979. Ber því einnig að sýkna stefnda af þessum lið í kröfugerð stefnanda.

Það er fram komið og óumdeilt, að stefnandi var leikstjóri við gerð myndarinnar „Ágirnd.“ Stefnandi hefur eindregið mótmælt því að hafa framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn sem aðalleikstjóri myndarinnar. Þá kveðst Óskar Gíslason ekki muna, hvort hann hafi fengið þennan rétt stefnanda framseldan, en allir samningar stefnanda og Óskars Gíslasonar voru munnlegir. Telja verður, að stefndi hafi eigi sýnt fram á, að stefnandi hafi framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn sem aðalleikstjóri við gerð myndarinnar. Það framlag hennar nýtur sjálfstæðrar verndar samkv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 73/1972. Stefnda var því óheimilt að sýna myndina í umrætt sinn án endurgjalds til stefnanda. Ber stefnanda því réttur til þess að krefja stefnda sem flytjanda myndarinnar um þóknun vegna sýningar þessarar, þrátt fyrir það að títtnefndur dómur bæjarþingsins frá 6. nóvember 1956 ákvarði stefnanda kr. 3.000.00 fyrir hlutdeild hennar í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leikstjórn hennar. Krafa stefnanda fyrir þennan lið nemur gkr. 372.080, og hefur stefnandi í þeim efnum haft mið af kjarasamningum, sem stefndi er aðili að. Eftir atvikum þykir fjárhæð þessi eigi ósanngjörnt þóknun til stefnanda fyrir leikstjórnarþátt hennar og er því tekin til greina að fullu með þeirri breytingu, er leiðir af breytingu íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 35/1979.

Niðurstaða máls þessa verður þá sú, að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 3.720.80 ásamt 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 3.059.00 og greiðist úr ríkissjóði. Þar sem stefnandi hefur eigi lagt fram reikning fyrir útlögðum

kostnaði vegna málssóknar þessarar, rennur allur málskostnaðurinn, kr. 3.059.00, til skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 3.059.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, greiði stefnanda, Svölu Hannesdóttur, kr. 3.720.80 ásamt 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1.júní 1979, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 3.058.00, greiðist úr ríkissjóði. Skipuðum talsmanni stefnanda, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, ber öll sú fjárhæð í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 3.058.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.